

Alþingi
nefndasvið
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík ~~16. apríl~~ ^{mai}, 2013

Varðar: Umsögn vegna þingskjals nr. 1116- 636 mál. Frumvarp til laga um lífyerisréttindi og félagslegan stuðning.

Ofangreint frumvarp er umfangsmikið og leggur Hjartaheill það til við lagasetningu sem snýr að jafn veigamiklu máli sem þessu að það kalli á vandaðan undirbúning og samráð skuli haft að jafnaði við “þriðja geirann”.

Við yfirlestur frumvarpsins leggur Hjartaheill það til að það gangi ekki í berhögg við það markmið sem lagafrumvarpið er ætlað að gera, þ.e. að styrkja stöðu aldraðra og fólks með skerta starfsgetu. Fólk sem hefur fengið alvarlega hjarta-og æðasjúkdóma verður oftlega fyrir mikilli skerðingu á tekjum vegna minni starfsgetu og er því mikilvægt að tryggja með lögum að kjör sjúklinga sem í þessu lenda verði tryggt sem best til framtíðar öryggi.

Ekki hefur verið hægt að fara í nákvæma greiningu á ofangreindum lögum en Hjartaheill áskilur sér allan rétt þó til að gera athugasemdir og senda inn ítarlega greinagerð ef þurfa þykir.


Sveinn Guðmundsson, hrl.
varaformaður Hjartaheilla.